



Íslandspóstur



ÁRSSKÝRSLA 2012
ANNUAL REPORT



6	Ávarp forstjóra: Breytinga er þörf
8	Stjórn Íslandspósta
8	Framkvæmdastjórn Íslandspósta
9	Lykiltölur
10	Nýjar áskoranir kalla á stöðuga þróun
14	Árið 2012 í rekstri Íslandspósta
18	Ársreikningur
19	Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra
20	Áritun endurskoðenda
21	Rekstrarreikningur ársins 2012
22	Efnahagsreikningur 31. desember 2012
23	Eiginfjárfirlit 2012
24	Sjóðstreymisyfirlit ársins 2012
25	Skýringar
42	CEO's Statement: Changes needed
44	Annual report
45	Endorsement and statement by the Board of Directors and the Managing Director
46	Auditor's report
47	Income statement for the year 2012
48	Balance sheet December 31, 2012
49	Statement of changes in equity for the year 2012
50	Statement of cash flows for the year 2012
51	Notes

Hlutverk

Hlutverk Íslandspósts er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna, svo og á öðrum sviðum sem tengjast þeirri starfsemi.

Markmið

Að vera fyrsti valkostur viðskiptavina í bréfa- og vörudreifingu.
Að vera í fararbroddi sem fyrirtæki á sínu sviði.
Að vera eftirsóttur og framsækinn vinnustaður.
Að skila eigendum viðunandi arðsemi.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Íslandspósts er að vera framsækið og öflugt fyrirtæki í bréfa- og vörudreifingu, með því að annast áreiðanlega og örugga þjónustu um allt land og allan heim, sem byggir á viðurkenndum gæðaviðmiðum.

Jafnframt því mun Íslandspóstur vinna að arðbærum vexti með hagsmuni viðskiptavina, starfsmanna og eigenda að leiðarljósi.

Pósturinn tryggir tengslin





Áreiðanleg og örugg
þjónusta um allt land
og allan heim



Ingimundur Sigurpálsson
forstjóri

Breytinga er þörf

Árið 2012 var ár mikilla breytinga hjá Íslandspósti. Innleiðing á nýju dreifikerfi bréfa kom að fullu til framkvæmda og nýir skilmálar fyrir bréfasendingar, þróun nýrra viðskiptalausna og aukin hagræðing með fjárfestingu í nýjum vélbúnaði og endurbótum á húsnæði er meðal þess sem hæst bar í rekstri fyrirtækisins á árinu. Heildarafkoman var jákvæð um 53 mkr. og er það mikill viðsnúningur frá taprekstri árið á undan. Hagnaður ársins náði þó ekki þeim markmiðum sem lagt var upp með við gerð fjárhagsáætlunar en það má einkum rekja til þess að hækkun verðskrár fyrir bréf í einkarétti var ekki samþykkt að því marki sem Íslandspóstur gerði tillögu um og hækkunin kom til framkvæmda fjórum mánuðum seinna en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlun.

Í ársbyrjun 2011 var innleitt nýtt fyrirkomulag á útburði bréfastöðva. Undirbúningur þess verkefnis hafði staðið yfir í tæp tvö ár og hefur það nú þegar leitt til mikillar hagræðingar í rekstri. Markmið breytinganna var að ná fram aukinni nýtingu á dreifikerfi bréfa með því að auka magn í hverri afhendingu ásamt því að lækka kostnað með styttingu á gönguleið bréfbæra. Með hinu nýja fyrirkomulagi í bréfastöðva skapaðist möguleiki á því að bjóða misskjóta og þar með misdýra bréfastöðva en áður hafði takmörkuðum hópi viðskiptavina, sem sendi mikið magn bréfa hverju sinni, gefist kostur á því að senda magnpóst á lægra verði með lengri dreifingartíma.

Nýtt dreifikerfi bréfa opnaði fyrir möguleika á því að bjóða nýja verðskrá og skilmála fyrir bréf innan einkaréttar, sem tóku gildi 1. júlí 2012. Markmið breytinganna var að auka

vöruframboð og þar með val viðskiptavina, tengja kostnað betur við einstakar þjónustuleiðir og auka gagnsæi í verðskrá og afsláttum. Helstu breytingar voru þær að nú gefst öllum viðskiptavinum kostur á að kaupa B-póst, sem dreift er innan þriggja daga frá póstlagningu, auk hins hefðbundna A-pósts, sem dreift er daginn eftir. Breytingar þessar fólu í heild í sér um 8% hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar miðað við veginn meðaltal en hækkun á almennri dreifingu einkaréttarbréfa hefði verið til muna meiri ef ekki hefði komið til hið nýja dreifikerfi bréfa.

Fram til ársins 2008 stóð hagnaður af einkarétti á bréfasendingum að mestu undir hinni svokölluðu alþjónustuskyldu, sem ekki stendur undir sér, en alþjónustan felst í þeirri skyldu að dreifa bréfum og pökkum allt að 20 kg um allt land fimm virka daga vikunnar allan ársins hring. Því er ekki lengur til að dreifa og dugar rekstraraðhald á forræði stjórnenda Íslandspósts ekki til þess að vega upp mismuninn. Stjórn og stjórnendur Íslandspósts hafa gert tillögur um nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi pósthjónustunnar til þess að mæta mikilli fækkun bréfa og er afar brýnt að þeim verði fylgt eftir sem allra fyrst, þannig að ekki komi til frekara tap á þeirri alþjónustuskyldu sem á Íslandspósti hvílir.

Íslandspóstur stendur frammi fyrir krefjandi breytingum og áhugaverðum tækifærum. Gera má ráð fyrir að árituðum bréfum muni áfram fækka á næstu árum á sama tíma og rafrænar sendingar muni aukast umtalsvert. Auk 37% fækkunar bréfa frá 2006, þegar fjöldi bréfasendinga var í

Náist ekki að aðlaga póstþjónustuna að breyttu rekstrarumhverfi, leiðir það til stigvaxandi vandamála í rekstri og nauðvarnar á öllum sviðum þjónustunnar.

hámarki, til ársloka 2012 má gera ráð fyrir 22% fækkun bréfa til ársins 2018. Með afnámi einkaréttar má reikna með enn frekari fækkun bréfa í dreifingu Íslandspósts. Náist ekki að aðlaga póstþjónustuna að breyttu rekstrarumhverfi, leiðir það til stigvaxandi vandamála í rekstri og nauðvarnar á öllum sviðum þjónustunnar. Rétt viðbrögð í tíma, sem skila nauðsynlegum og eðlilegum hagnaði ásamt því að leggja grunn að uppbyggjandi viðskiptaþróun, geta skilað góðum ávinningi, bæði fyrir viðskiptavinum Íslandspósts og eigendum.

Við afnám einkaréttar og áframhaldandi almenna fækkun bréfa má búast við að árlegar rekstrartekjur dragist saman um allt að 1.300 milljónir króna. Til að mæta þeim samdrætti þurfa stjórnvöld annað hvort að fjármagna óbreytt þjónustustig eða að heimila Íslandspósti að hagræða og aðlaga verðskrár á móti tekjutapi. Þar er að fjölmörgum atriðum að hyggja. Má þar m.a. nefna reglur um fjölda dreifingardaga, staðsetningu póstkassa, setningu og eftirfylgni reglna um staðsetningu og merkingu póstlúga, greiðslur fyrir óarðbæra þjónustuskýldu, reglur um verðlagningu og rýmri heimildir til að tryggja skjótari ákvarðanir varðandi staðsetningu pósthúsa og verðlagningu einkaréttarbréfa, svo nokkuð sé nefnt.

Póstfyrirtæki um allan heim ganga nú í gegnum þá breytingu að verulega dregur úr bréfasendingum á móti umtalsverðri aukningu á pakkasendingum og rafrænum lausnum. Innan örfárra ára má gera ráð fyrir að tekjur af pakkasendingum verði meiri en af bréfasendingum hér á landi og kallar það á grundvallarbreytingu á þjónustuframbodum Íslandspósts; hverjum ber að þjóna, hvaða þjónusta verður í boði og hvaða línur mun löggjafinn leggja um rekstrarskilyrði, svo sem alþjónustuskýldu, þjónustusvið, tíðni dreifingar, dreifingarsvæði og verðlagningu. Þar skiptir miklu að lögbundið þjónustuframbod taki mið af eftirspurn meginhluta viðskiptavina og ásættanlegri verðlagningu fyrir þá þjónustu sem rekstraraðilum verður gert skylt að veita.

Af hálfu stjórnenda Íslandspósts hefur megináhersla verið lögð á að aðlaga rekstur félagsins sem í þeirra valdi stendur að þeim miklu breytingum sem orðið hafa í rekstrarumhverfi póstþjónustunnar. Til viðbótar því, sem að framan er getið, var ráðist í nauðsynlega fjárfestingu og má þar einkum nefna að auk venjubundinna fjárfestinga í bílum og tækjum var nýr vélbúnaður settur upp í Póstmiðstöð. Þar ber fyrst að nefna nýja flokkunarvél, sem kemur í stað eldri flokkunarvélar, en afkastageta hennar og vinnslumöguleikar eru til muna meiri og leggur hún grunn að aukinni hagræðingu í meðhöndlun og dreifingu bréfa. Ennfremur var tekin í notkun pakkaflokkunarvél sem auðveldar alla vinnslu og meðhöndlun sendinga auk þess sem hún tryggir betur skráningu og afhendingaröryggi. Jafnframt voru settar upp nýjar og hraðvirkar frímerkingavélar í fyrirtækjapósthús félagsins sem eykur rekstraröryggi og hagræðingu í móttöku og afgreiðslu bréfasendinga stærri viðskiptavina. Þá var unnið að endurbótum á pósthúsum í Neskaupstað og á Patreksfirði, lokið var við endurbætur á póstafrangi í miðbæ Reykjavíkur og póstafrangi í Árbæ og Grafarvogum í Reykjavík voru sameinaðar í nýrri póstafrangi við Höfðabakka. Auk þess var fyrirkomulagi þjónustunnar á Laugarvatni, Bíldudal og Flateyri breytt og er afgreiðsla þar nú sinnt með póstbíl og í Mjóafirði sinnir nú landpóstur afgreiðslu.

Á árinu 2012 gengu rekstrarþættir á forræði starfsmanna Íslandspósts vel eftir í öllum meginatriðum sem fyrr og vel hefur tekist til með innleiðingu ýmissa hagræðingarverkefna til hagsbóta fyrir viðskiptavinum félagsins. Fyrir það er ljúft og skylt að þakka um leið og ég vil fyrir hönd starfsmanna þakka viðskiptavinum félagsins fyrir traust og ánægjuleg samskipti á árinu.

Ingimundur Sigurpálsson,
forstjóri



Stjórn Íslandspósts

Ellert Kristinsson

Lilja Rafney Magnúsdóttir, *varaformaður stjórnar*

Guðmundur Oddsson, *formaður stjórnar*

Jón Ingi Cæsarsson

Petrína Baldursdóttir



Framkvæmdastjórn Íslandspósts

Anna Katrín Halldórsdóttir, *framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs*

Hörður Jónsson, *framkvæmdastjóri pósthúsviðs*

Ingimundur Sigurpálsson, *forstjóri*

Tryggvi Þorsteinsson, *framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs*

Helga Sigríður Böðvarsdóttir, *framkvæmdastjóri fjármálasviðs*

Andrés Magnússon, *framkvæmdastjóri starfsmannasviðs*

Lykiltölur

	2012	2011	2010
TEKJUR			
Rekstrartekjur	6.754.077	6.529.797	6.348.329
GJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	3.711.562	3.650.789	3.471.262
Annar rekstrarkostnaður	2.557.209	2.634.099	2.529.114
Rekstrargjöld samtals	6.268.771	6.284.888	6.000.376
(Hrein fjármagnsgjöld) fjármagnstekjur	(112.342)	(108.662)	66.568
Afskriftir	(306.331)	(300.664)	(284.039)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	66.633	(164.417)	130.482
Tekjuskattur	(13.985)	20.082	(37.506)
Hagnaður (tap) ársins	52.648	(144.335)	92.976
KENNITÖLUR			
Veltufjárlutfall	1,42	1,71	2,01
Eiginfjárlutfall	0,51	0,50	0,53
Innra virði hlutfjár	1,72	1,68	1,84
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)			
í hlutfalli af heildartekjum	7,2%	3,8%	5,5%
Rekstrarafkoma (EBIT) í hlutfalli af heildartekjum	2,6%	-0,9%	1,0%
Arðsemi eigin fjár	2,2%	-5,6%	3,7%

Þjónusta Íslandspósts nær til allra heimila og fyrirtækja landsins.

Nýjar áskoranir kalla á stöðuga þróun

Íslandspóstur er hlutafélag að fullu í eigu ríkisins. Fyrirtækið er í dag með einkarétt á dreifingu bréfa allt að 50 g en starfar að öðru leyti á samkeppnismarkaði. Þar á móti liggur sú skylda á Íslandspósti að dreifa bréfum og pökkum allt að 20 kg hvert á land sem er alla virka daga ársins. Á Íslandi er pósthjónusta ekki ríkisstyrkt og er fyrirtækið eingöngu rekið af tekjum sem koma frá viðskiptavinum. Gerð er sú krafa að fyrirtækið skili rekstrarafgangi, ásættanlegri arðsemi af eigin fé og greiði eigendum sínum arð.

Alþjónustuskylدان

Íslenska ríkið fer með einkarétt á dreifingu bréfa allt að 50 g en hefur falið Íslandspósti að annast einkarétt þess á pósthjónustu. Einkarétti á bréfadreifingu hefur fylgt svokölluð alþjónustuskylدان sem felst í því að tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu með ákveðnum gæðum og á viðráð-anlegu verði.

Á Íslandspósti hvílir því alþjónustuskylدان sem nær til sendinga allt að 20 kg. Tekjur fyrirtækisins af þjónustu innan alþjónustunnar eru um 80% af öllum tekjum fyrirtækisins. Með alþjónustuskylდანni kemur einnig sú kvöð að sinna þeim landsvæðum sem eru óarðbær og á það við um minni þéttbýliskjarna og strjálbýl landsvæði. Hugmyndin á bak við einkarétt er því að hagnaður sem kemur frá einkaréttarbréfum sé notaður til að greiða kostnað vegna alþjónustuskylდანnar. Á Íslandi er pósthjónusta ekki ríkisstyrkt og er fyrirtækið því eingöngu rekið af tekjum sem koma frá viðskiptavinum ólíkt því t.d. sem þekkist í Noregi, þar sem pósthjónusta er ríkisstyrkt.

Síðastliðin ár hefur hins vegar verið tap á einkaréttarþjónustunni og ekkert fjármagn því komið þaðan til að greiða fyrir þá óarðbæru þjónustu sem veitt er vegna alþjónustuskylდანnar. Það að halda úti fimm daga pósthjónustu um allt land og dreifikerfi í kringum það er mjög kostnaðarsamt. Með minnkandi bréfamagni verður kerfið sífellt óhagkvæmara og því er orðið gríðarlega aðkallandi að leita leiða til frekari hagræðingar.

Verðþróun

Pósthjónusta um allan heim hafa á síðustu árum staðið frammi fyrir fækkun bréfa. Hér á landi má fyrst og fremst rekja þá fækkun til rafrænnar þróunar og efnahags-samdráttar frá árinu 2008. Þannig hefur bréfum í einkarétti fækkað um 37% frá 2006 til ársloka 2012. Spáð er áframhaldandi magnminnkun og er áætlað að bréfa-pósti muni fækka um allt að 22% til ársins 2018. Jafn-hliða magnminnkun er vert að hafa í huga að íbúðum á landinu öllu hefur fjölgað um 9% á sama tíma. Reglur um bréfadreifingu kveða á um dreifingu í öll hús á landinu alla virka daga ársins, þar sem því verður við komið, og nær sú þjónusta til 99,8% heimila og fyrirtækja á landinu. Fastur kostnaður við dreifingu hefur hækkað af þessum sökum sem og vegna kostnaðarhækkunar hér á landi í samræmi við almenna launa- og verðlagsþróun. Þótt verulega hafi áunnist í hagræðingu í rekstri, hefur þurft að mæta magnminnkun með almennri hækkun verðskrár. Þrátt fyrir nauðsynlega verðskrárhækkun af þessum ástæðum er almennt burðargjald fyrir bréf í einkarétti hér á landi það lægsta sem þekkist innan Norðurlanda og með því lægsta innan evrópska efnahagssvæðisins.

Hagræðingaraðgerðir

Við aðskilnað Pósts- og síma árið 1997 tók Íslandspóstur yfir meginhluta húseigna félagsins víðs vegar um landið. Þessar byggingar voru flestar byggðar á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar þar sem kröfur símahlutans réðu miklu um hönnun húsanna. Verkefnið var því ærið; að

GJÖRBREYTT REKSTRARUMHVERFI

breyta innviðum Íslandspósts til að takast á við breytt hlutverk í rekstri. Aðgerðir hófust strax á árinu 1998 þar sem óhagkvæmum rekstrareiningum var umbreytt, m.a. með samstarfi eða lokun. Þetta var fyrst og fremst gert til að ná fram hagræðingu í rekstri en einnig til að bæta aðbúnað starfsmanna og aðstöðu fyrir viðskiptavini.

Hagræðing í rekstri pósthúsa felur í sér flutning pósthúsa, lokanir, samstarf við t.d. verslanir eða banka, uppbyggingu á nýjum stöðum og endurbætur eldra húsnæðis. Með slíkum breytingum hefur stærð húsnæðis í póstrekkstri minnkað um 10.000 m². Flest það húsnæði sem Íslandspóstur rekur nú um allt land er mun hentugra en áður og leiðir það til verulegs hagræðis í öllum vinnuferlum.

Hagræðing í pósthúsanetinu er ekki eina hagræðingaraðgerðin sem Íslandspóstur hefur gripið til undanfarin ár. Mikil vinna hefur einnig verið lögð í að endurskipuleggja og hagræða í dreifikerfinu. Þar ber hæst sú breyting sem hófst á árinu 2011 og komst að fullu til framkvæmda á árinu 2012, en hún fólst í því að auka nýtingu á gönguleiðum bréfbæra og hefur því verið hægt að lækka kostnað auk þess sem tækifæri gafst til að bjóða fjölbreyttara vöruframboð til hagsbóta fyrir viðskiptavini. Einnig hefur verið hagrætt í ýmsum stoðeildum eins og aðstæður hafa gefið tilefni til.

Þær breytingar sem hér hafa verið raktar hafa leitt til verulegs hagræðis í rekstri félagsins og unnið á móti verðskrárhækkunum sem hefðu ella þurft að vera mun hærri en raun ber vitni.

Ekki bara bréf

Eins og áður hefur komið fram telst um 80% af starfsemi Íslandspósts til lögbundins þjónustuhlutverks fyrirtækisins. Þau 20% sem eftir standa tengjast á einhvern hátt mjög náið skylduhlutverki félagsins. Það er ennfremur skylda fyrirtækisins skv. lögum að þróa starfsemi sína á hverjum tíma en í 6. gr. laga nr. 19 frá 2002 um pósthjónustu segir: „Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að með alþjónustu sem rekstrarleyfishafar, einn eða fleiri, veita séu uppfylltar eftirfarandi kröfur: e. að þjónustan þróist í takt við tækni-, hagfræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda.“

Tekjuuppbygging Íslandspósts hefur breyst mikið undanfarin ár vegna hruns á einkaréttarbréfum. Áður var tekjuhlutfall einkaréttar yfir 50% af tekjum fyrirtækisins en er nú um 40%. Aðrar alþjónustuvörur eru um 40% tekna og vörur utan alþjónustu eru um 20% tekna. Uppbygging fyrirtækisins hefur tekið mið af þessu vöruframboði. Eðlilegt verður að teljast að fyrirtæki sem á undir högg að sækja á einu sviði rekstrar leiti leiða til að auka vöruframboð á öðrum sviðum til að tryggja störf þeirra liðlega 1000 starfsmanna sem eiga lífsviðurværi sitt undir farsælum rekstri Íslandspósts.

1998


5 daga dreifing til 95% heimila
3 daga dreifing til 5% heimila
113 þúsund póstlúgur
1130 starfsmenn
95 starfsstöðvar
33 þúsund m ²
55 bílar
71 milljón póstsendinga

2012


5 daga dreifing til 99,8% heimila
3 daga dreifing til 0,2% heimila
134 þúsund póstlúgur
1078 starfsmenn
73 starfsstöðvar
23 þúsund m ²
109 bílar
63 milljón póstsendinga

EINKARÉTTUR SPÁ UM MAGNBREYTINGU

Milljónir bréfa



TEKJUSKIPTING EFTIR VÖRUFLOKKUM 2012



Það er lagaskylda Íslandspósts
að þróast í takt við breytingar í
þjóðfélaginu og óskir viðskiptavina



Þarfir viðskiptavina hafa breyst í gegnum árin og þær breytingar, ásamt breytingum á þjóðfélaginu, hafa að sjálf-sögðu haft áhrif á vöruframboð Póstsins í gegnum tíðina. Til að ná hagkvæmni fyrir viðskiptavinum, sem eru allir landsmenn, er nauðsynlegt að nýta það dreifikerfi sem Íslandspósti ber að halda uppi. Fyrirtækið fær enga styrki til að halda úti þjónustu á þeim svæðum sem eru óarðbær. Með því að nýta dreifikerfi félagsins betur og bjóða vörur sem jákvæð afkoma er af hefur verið hægt að mæta því tapi sem skapast hefur af því að þjónusta óarðbær svæði með alþjónustu. Með þessu er verið að viðhalda virði fyrirtækisins í stað þess að láta fjara undan því með minnkandi bréfamagni. Þannig er vöxtur fyrirtækisins á nýjum sviðum tryggður til móts við tekjusamdrátt á hefðbundnum sviðum. Miðað við þann magnsamdrátt sem spáð er í bréfaþósti er þýðingarmikið fyrir fyrirtækið að geta bætt nýtingu á dreifikerfi þess með því að bjóða aðra þjónustu sem viðskiptavinurinn óskar eftir.


Sama þróun hefur verið við lýði hjá öllum póstfyrirtækjum í löndunum í kringum okkur. Með minni þörf fyrir pósthjónustu, minnkandi bréfamagni og jafnhliða meiri þörf fyrir þjónustu á öðrum sviðum hefur samsetning vöruframboðs þessara fyrirtækja breyst. Vægi hins hefðbundna pósts hefur minnkað en aðrir þjónustupættir komið í staðinn, t.d. hraðflutningar, vörudreifing, fjármálaþjónusta, fjarskiptaþjónusta og rafrænar lausnir.

International Post Corporation kannaði áhrif fjölbreytinga á afkomu pósthjónutækja og í ljós kom að þau fyrirtæki sem voru með fjölbreyttara vöruframboð voru að meðaltali með betri arðsemi en þau sem buðu minna vöruúrval. Arðsemi jókst því með fjölbreyttara vöruframboði.

Mikil verðmæti eru falin í rekstri Íslandspósts og vörumerki hans, Póstinum. Það er verkefni stjórnenda félagsins að viðhalda virði fyrirtækisins fyrir eigendur þess, sem eru allir landsmenn. Forsenda þess að svo geti orðið felst í því að stjórnendum og starfsmönnum félagsins verði skapað svigrúm til að þróa rekstur þess á skjótan og skilvirkan hátt.

GREIDDUR ARÐUR


Milljónir króna




AFKOMA

1998–2012

Milljónir króna



ÞRÓUN VÖRUFRAMBOÐS HJÁ PÓSTFYRIRTÆKJUM



Með minni þörf fyrir pósthjónustu og minnkandi bréfamagni og jafnhliða meiri þörf fyrir þjónustu á öðrum sviðum hefur samsetning vöruframboðs pósthjónutækja breyst.

Árið 2012 í rekstri Íslandspósts



Skönnunarþjónusta

Íslandspóstur kynnti á árinu nýjung í pósthjónustu fyrir landsmenn. Í fyrsta sinn gefst einstaklingum nú tækifæri á að velja pappírslaus pósthjónustu. Þá er allur nafnmerktur pappírspóstur innskannaður hjá Póstinum og vistaður í rafrænu pósthólfi á netinu; möppunni á www.mappan.is. Allir einstaklingar hafa aðgang að sínu rafræna pósthólfi þar sem pósturinn er vistaður. Tilrauna-kerfni var sett af stað á haustmánuðum 2012 þar sem áhugasömum einstaklingum var boðin þátttaka. Í ljósi reynslunnar af því kerfni verður almenningi boðin þjónustan.

Hjá Íslandspósti er mikil áhersla lögð á að nýta frampróun tækninnar til að tryggja viðskiptavinum sem besta þjónustu. Mappan og skönnunarþjónustan eru viðbætur við aðra þjónustu sem Pósturinn veitir í dag og gerir viðskiptavinum kleift að skoða póstin sinn hvar og hvenær sem er.

Pósthúsanet

Á árinu 2012 hættu Íslandspóstur og Landsbankinn samstarfi um rekstur póstafréttisla á 5 stöðum á landinu. Í staðinn var á þessum stöðum farið í samstarf við önnur fyrirtæki eða boðið upp á þjónustu pósthúss á hjólum, en þeirri þjónustu er sinnt með pósthólfi og er sendingum ekið heim til móttakanda og hægt er að pósthjúga hjá bílstjóra. Húsnæði var endurnýjað í Neskaupstað og í Pósthússtræti og pósthúsin í Grafarvogi og í Hraunbæ voru sameinuð í eitt pósthús að Höfðabakka 9.

Póstmiðstöð

Miklar breytingar stóðu yfir í Póstmiðstöð á árinu 2012. Þar er helst að nefna uppsetningu á pakkaflokkunarvél,

endurnýjun á bréfaflokkunarvél og tæknivæðingu fyrir-tækjapósthúss. Pakkaflokkunarvélin leysir af hólmi þrjú mismunandi færíbönd sem voru komin til ára sinna og orðin óhagkvæm. Rafrænum vélbúnaði er ætlað að bæta flokkunargæði, lækka flokkunarkostnað og minnka burð sendinga.

Ný bréfaflokkunarvél var tekin í notkun 3. desember. Eldri vélin var komin til ára sinna og bilanatíðni orðin há. Nýja vélin byggir á nýrri tækni sem eykur hagkvæmni og rekstraröryggi.

Á árinu var einnig lokið við að setja upp fullkomnar frímerk-ingavélar í fyrirtækjapósthúsi. Með nýju vélunum eykst hagræði og öryggi við vinnslu pósts frá fyrirtækjum sem eru í reikningsviðskiptum. Þetta eru mestu breytingar sem gerðar hafa verið á innra skipulagi Póstmiðstöðvar frá því að starfsemi hennar hófst á Stórhöfða 32 árið 1999 og einnig mestu tæknibreytingar á einu ári.


Póstmiðstöð Íslandspósts fór á árinu í gegnum vottun hjá alþjóða pósthjónustunni IPC (International Post Corporation) varðandi meðhöndlun á millilandapósti. Þessi vottun er gerð á þriggja ára fresti og er þetta í annað sinn sem Póstmiðstöð stenst þessa vottun. Póstmiðstöðin er því með vottunina „Certificate of Excellence in the Management and Processing of International Letter Mail“ til ársins 2015.

Hver hlekkur skiptir máli í Póstkeðjunni

Póstkeðjan er eitt stærsta auglýsingaverkefni sem Pósturinn hefur farið af stað með síðustu ár. Á árinu 2011 var lagt í mikla stefnumótunar- og ímyndarvinnu á markaðs- og sölusviði þar sem mótuð var stefna fyrir vörumerkið Pósturinn og framtíð þess. Skoðað var hvernig vörumerkið er í dag og hvernig hægt væri að nýta markaðsfé á sem bestan og hagkvæmasta hátt. Í kjölfarið var ljóst að mikil þörf var á

ÞRÓUN Í PÓSTMAGNI INNANLANDS

Milljónir sendinga



nýju markaðs- og kynningarefni og er Póstkeðjan stór hluti af því efni. Póstkeðjan er kynningarefni sem nýst getur til lengri tíma. Markmiðið er að sýna fólkið á bak við starfsemi Póstsins: fólkið á bak við bílana, flokkunarvélnar, pakkana, vörubrettin, pósthúsin og bréfin sem koma inn um lúguna. Auglýsingarnar sýna vinnugleði, traust, hjálpssemi og skipulag. Markmiðið er að hrífa áhorfandann og vekja jákvæðar tilfinningar í garð fyrirtækisins og ekki síst til starfsmanna þess.

Starfsfólk og fræðsla

Fræðslustarf var fjölbreytt á árinu sem endranær. Í byrjun árs fór læknir á vinnustaði og fjallaði um mataræði og heilsufar við starfsfólkið. Einnig heimsóttu vinnustaði sálfræðingar og kírópraktor til að ræða andlega og líkamlega heilsu, bæði í einkalífi og við störf.


Undir merkjum Heilsupóstsins voru hefðbundnar heilsufarsmælingar meðal starfsmanna. Póstgangan var gengin af pósthólki og fjölskyldum í Heiðmörk sem endaði á stórrí fjölskylduhátíð í Guðmundarlundi í Kópavogi og í september gekk hópur starfsmanna ásamt mökum yfir Fimmvörðuháls.




Hin árlega öryggisvika var haldin um land allt í nóvember með áherslu á fækkun vinnuslysa. Í hverjum mánuði slasast 3-4 bréfberar Íslandspósts við hefðbundin störf og eru frá vinnu í lengri eða skemmi tíma. Algengustu slysin eru þau að fólk hrasar eða verður fyrir áras hundar en flest slysin verða þegar starfsfólk er komið inn fyrir lóðamörk húsa. Samhliða innanhússátaki var almenningur hvattur til að auka öryggi og bjóða bréfberann velkominn með góðu aðgengi og engum slysaþættum.

Þar sem starfsfólk Íslandspósts starfar á vinnustöðum vítt og breitt um allt land hefur um árabíl verið sent starfsmannablað heim til starfsfólks. Árið 2012 var blaðið endurhannað og fékk nýtt nafn: Lúðurinn. Einblínt er á að upplýsa allt starfsfólk um það nýjasta sem er að gerast í starfsemi fyrirtækisins í bland við skemmtun.

FJÖLDASKIPTING EFTIR STÖRFUM



KYNJAHLUTFALL STJÓRNENDA





Mikil verðmæti eru falin
í rekstri Íslandspósts og
vörumerki hans, Póstinum



Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Rekstur árið 2012

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Íslandspósts ohf. og dótturfélaga þess sem eru Trönur ehf., Samskipti ehf. og Fraktmiðlun ehf.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu að fjárhæð 53 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé þann 31. desember 2012 nam 2.487 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé félagsins þann 31. desember 2012 nam 1.448 millj. kr. og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Stjórnunarhættir

Stjórn Íslandspósts ohf. starfar samkvæmt samþykktum félagsins og eftir vinnureglum stjórnar. Í reglum er meðal annars að finna skilgreiningu á valdsviði og verkaskiptingu stjórnar, ákvæði um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu og fleira.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2012, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Íslandspósts ohf. hafa í dag rætt um ársreikning fyrir árið 2012 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 15. febrúar 2013.

Stjórn:

*Guðmundur Oddsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir
Petrína Baldursdóttir, Jón Ingi Cæsarsson, Ellert Kristinsson*

Forstjóri:

Ingimundur Sigurpálsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Íslandspósts ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslandspósts ohf. og dótturfélaga („samstæðan“) fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2012, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 15. febrúar 2013.

Sveinn Arason
Ríkisendurskoðandi

Óskar Sverrisson
Endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2012

REKSTRARTEKJUR	Skýr.	2012	2011
Tekjur af pósthjónustu		6.004.502	5.744.630
Aðrar tekjur		749.575	785.167
		6.754.077	6.529.797
<b style="color: red;">REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	6	3.711.562	3.650.789
Beinn kostnaður við póstdreifingu		1.565.503	1.657.759
Annar rekstrarkostnaður		991.706	946.340
Virðisrýrnun viðskiptavildar		0	30.000
		6.268.771	6.284.888
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)		485.306	244.909
Afskriftir	9	(306.331)	(300.664)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT)		178.975	(55.755)
Fjármunatekjur		35.830	28.074
Fjármagnsgjöld		(148.172)	(136.736)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(112.342)	(108.662)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		66.633	(164.417)
Tekjuskattur	17	(13.985)	20.082
Hagnaður (tap) og heildarafkoma ársins		52.648	(144.335)
<b style="color: red;">SKIPTING AFKOMU			
Hluthafar móðurfélags		54.335	(142.035)
Hlutdeild minnihluta		(1.687)	(2.300)
Hagnaður (tap) og heildarafkoma ársins		52.648	(144.335)
<b style="color: red;">AFKOMUHLUTUR OG ÞYNNTUR AFKOMUHLUTUR			
Afkomuhlutur og þynntur afkomuhlutur			
á hverja krónu hlutfjár	3.l.	0,04	(0,10)

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

EIGNIR	Skýr.	2012	2011
Rekstrarfjármunir	9	3.324.155	3.089.930
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	80.372	80.438
Skuldabréf	11	25.083	28.395
FASTAFJÁRMUNIR		<u>3.429.610</u>	<u>3.198.763</u>
Birgðir	12	194.470	192.895
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	13	936.518	986.976
Handbært fé	14	282.956	433.028
Eignir til sölu	15	27.140	27.140
VELTUFJÁRMUNIR		<u>1.441.084</u>	<u>1.640.039</u>
EIGNIR SAMTALS		<u>4.870.694</u>	<u>4.838.802</u>
EIGIÐ FÉ			
Hlutfé		1.447.500	1.447.500
Lögbundinn varasjóður		351.378	348.661
Óráðstafað eigið fé		689.749	638.131
EIGIÐ FÉ HLUTHAFA FÉLAGSINS	16	<u>2.488.627</u>	<u>2.434.292</u>
Hlutdeild minnihluta		(2.032)	(345)
EIGIÐ FÉ		<u>2.486.595</u>	<u>2.433.947</u>
SKULDIR			
Skuldabréfalán	20	1.325.744	1.413.921
Tekjuskattsskuldbinding	18	43.804	29.819
LANGTÍMASKULDIR		<u>1.369.548</u>	<u>1.443.740</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	19	1.014.551	961.115
SKAMMTÍMASKULDIR		<u>1.014.551</u>	<u>961.115</u>
SKULDIR		<u>2.384.099</u>	<u>2.404.855</u>
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS		<u>4.870.694</u>	<u>4.838.802</u>

Eiginfjáryfirlit 2012

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals
ÁRIÐ 2012						
Eigið fé 1.1.2012	1.447.500	348.661	638.131	2.434.292	(345)	2.433.947
Lagt í lögbundinn varasjóð .		2.717	(2.717)	0		0
Hagnaður ársins			54.335	54.335	(1.687)	52.648
Eigið fé 31.12.2012	<u>1.447.500</u>	<u>351.378</u>	<u>689.749</u>	<u>2.488.627</u>	<u>(2.032)</u>	<u>2.486.595</u>
ÁRIÐ 2011						
Eigið fé 1.1.2011	1.447.500	348.661	860.166	2.656.327	0	2.656.327
Fjárfesting í félagi					1.955	1.955
Arður til hluthafa			(80.000)	(80.000)		(80.000)
Tap ársins			(142.035)	(142.035)	(2.300)	(144.335)
Eigið fé 31.12.2011	<u>1.447.500</u>	<u>348.661</u>	<u>638.131</u>	<u>2.434.292</u>	<u>(345)</u>	<u>2.433.947</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
REKSTRARHREYFINGAR			
Hagnaður (tap) ársins		52.648	(144.335)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu eigna		(6.795)	(18.796)
Afskriftir	9	306.331	300.664
Niðurfærsla viðskiptavildar		0	30.000
Fjármagnsgjöld	8	112.342	108.662
Tekjuskattur	17	13.985	(20.082)
		<u>478.511</u>	<u>256.113</u>
VELTUFÉ FRÁ REKSTRI			
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		(1.575)	613
Skammtímakröfur, (hækkun)		(26.490)	(68.076)
Skammtímaskuldir, hækkun		119.936	80.342
		<u>91.871</u>	<u>12.879</u>
BREYTINGAR Á REKSTRARTENGDUM EIGNUM OG SKULDUM			
Innheimtar vaxtatekjur		21.754	20.513
Greidd vaxtagjöld		(86.621)	(77.871)
Greiddir skattar		0	(16.241)
		<u>505.515</u>	<u>195.393</u>
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI			
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Fasteignir og lóðir	9	(120.297)	(164.328)
Áhöld, tæki og bifreiðar	9	(486.727)	(293.515)
Söluverð eigna		41.220	73.913
Breyting á skuldabréfaeign		17.911	(11.524)
Önnur breyting		0	1.020
		<u>(547.893)</u>	<u>(394.434)</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Greiddur arður		0	(80.000)
Afborganir langtímalána		(107.694)	(80.237)
		<u>(107.694)</u>	<u>(160.237)</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
LÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ		(150.072)	(359.278)
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN		433.028	792.306
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK	14	<u>282.956</u>	<u>433.028</u>

Skýringar

1. FÉLAGIÐ

Íslandsþóstur ohf. („félagið“) er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar og lögheimili þess er að Stórhöfða 29 í Reykjavík. Ársreikningur samstæðu félagsins hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn þann 15. febrúar 2013.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAADFERÐIR

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Sameiningar fyrirtækja

Kaupaðferðinni er beitt á sameiningar á yfirtökudegi, sem er þegar yfirræð flytjast til samstæðunnar. Yfirræð fela í sér vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirræðum tekur samstæðan tillit til mögulegs atkvæðaréttar sem þegar er nýtanlegur.

Samstæðan metur viðskiptavild sem hefur orðið til við yfirtökur sem:

- gangvirði greiðslunnar sem innt er af hendi; að meðtalinni
- bókfærðri fjárhæð sem tilheyrir öðrum hluthöfum í hinu keypta félagi; að viðbættu
- gangvirði þess hluta fjárfestingarinnar sem var í eigu samstæðunnar fyrir kaupin hafi þau átt sér stað í áföngum; að frádregnu
- bókfærðu verði aðgreinanlegra eigna og skulda (sem venjulega telst vera gangvirði þeirra á yfirtökudegi).

Þegar mismunurinn er neikvæður er hann tekjufærður strax í rekstrarreikningi.

Kaupverðið felur ekki í sér uppgjör eldri samninga sem gerðir hafa verið af hinni keyptu einingu sem venjulega er fært beint í rekstrarreikning.

Kostnaður sem fellur til við kaupin annar en kostnaður við útgáfu skuldaskjala og eiginfjárgerninga er gjaldfærður þegar hann fellur til.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

a. Grundvöllur samstæðu, frh.

(i) Sameiningar fyrirtækja, frh.

Óvissar skuldir til greiðslu eru færðar á gangvirði á kaupdegi. Breytingar á gangvirði við síðara mat eru færðar í rekstrarreikning, nema þegar óvissa skuldin er flokkuð sem eigið fé, en þá er hún ekki endurmetin og uppgjör skuldarinnar er fært á eigið fé.

Þegar kaupréttarsamningar eru gerðir í stað samninga sem starfsmenn hins keypta félags höfðu fyrir kaupin vegna fyrri tímabila er tekið tillit til mismunar á gangvirði samninganna vegna þjónustu sem þegar hefur verið veitt og hann talinn hluti af kaupverði. Horft er til markaðsvirðis nýja samningsins samanborið við markaðsvirði eldri samnings og að hvaða marki ný samningurinn er vegna þjónustu sem veitt hefur verið fyrir kaupin.

Yfirtökur fyrir 1. janúar 2010

Viðskiptavild sem hefur orðið til við yfirtökur fyrir 1. janúar 2010 er mismunurinn á kaupverði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinnna aðgreinanlegra eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar mismunurinn var neikvæður var hann tekjufærður í rekstrarreikning.

Kostnaður sem féll til við kaupin, að undanskildum þeim kostnaði sem var vegna útgáfu skuldabréfa eða eiginfjárgerninga, var eignfærður sem hluti af kaupverðinu.

(ii) Yfirtökur á hlutum annarra hluthafa í dótturfélögum

Yfirtökur á hlutum annarra í dótturfélögum er farið með eins og um sé að ræða viðskipti hluthafa í hlutverki sínu sem hluthafar og því er engin viðskiptavild færð vegna slíkra viðskipta. Færslur vegna slíkra viðskipta taka mið af hlutfalli fjárfestingar í hreinni eign dótturfélagsins.

(iii) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

(iv) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

c. Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald og er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir á afskrifuðu kostnaðarverði, að undanskildum fjáreignum til sölu sbr. hér að neðan.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAADFERÐIR, FRH.

c. Fjármálagerningar, frh.

(i) Fjáreignir til sölu

Fjárfestingar samstæðunnar í hlutabréfum eru flokkaðar sem fjáreignir til sölu. Þær eru færðar á gangverði og gangvirðisbreytingar færðar beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Þegar hlutabréf eru ekki skráð á virkum markaði og ekki hægt að meta gangvirði þeirra með áreiðanlegum hætti er fjárfestingin færð á upphaflegu kostnaðarverði að teknu tilliti til greindrar virðisrýrnunar. Gangvirðisbreytingar, sem færðar hafa verið á eigið fé, eru færðar í rekstrarreikning þegar fjáreign til sölu er færð úr ársreikningi eða ef um virðisrýrnun er að ræða.

d. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Þegar rekstrarfjármunir samanstanda af einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er mismunur á söluandvirði og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna og gjalda.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta rekstrarfjármuna er eignfærður meðal rekstrarfjármuna þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á leigutíma eða nýtingartíma ef hann er skemmri en leigutími. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	20-25 ár
Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar	3-10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsteggi.

e. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvort sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru. Kostnaður við birgðir er byggður á meðalkostnaðarverðsreglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsteggi.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

f. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir upphaflega skráningu í bókhald benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvörðuð með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru metnar í flokkum með svipuðum lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Uppsafnað tap af fjáreignum til sölu sem fært hefur verið á eigið fé er fært í rekstrarreikning við virðisrýrnun.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en birgða (sjá reikningsskilaaðferð e) er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða sjóðskapandi hluta hennar verður hærra en endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

